

Fundargerð hreppsnefndar 15. febrúar 2018

Fundur

Fundur nr. 75 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 15. febrúar 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Magnús Þór Róbertsson, Sigríður Bragadóttir, Eyjólfur Sigurðsson og Einar Björn Kristbergsson.

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Almenn mál:

a) Umsögn um lagafrumvarp um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi

Lagt fram til kynningar.

b) Umsögn um lagafrumvarp um skilyrðislausu grunnframfærslu „borgaralaun“.

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar dags. 25. janúar 2018

Tekinn til umræðu 4. tl. í dagskrá og eftirfarandi bókað: *Brýnt er að fulltrúar deilda skili inn óskum um verkefni í tíma fyrir fjárhagsáætlun.* Ennfremur undir sama tl. tekur sveitarstjórn undir tillögu um grænmetisbar og felur sveitarstjóra að ræða við skólastjórnendur. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

b) Fagráðs Sundabúðar dags. 30. janúar 2018

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla eftir núverandi vaktaplani hjúkrunarfræðinga og hvernig því verður háttað eftir fjölgun þeirra. Ennfremur að sveitarstjóri veiti upplýsingar um stöðu þess máls að í Sundabúð verði miðlægt eldhús stofnana sveitarfélagsins. Samhljóða samþykkt. Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

c) Um gerð Húsnæðisáætlunar dags. 6. febrúar 2018

Lagt fram til kynningar.

d) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 5. febrúar 2018

Sigríður víkur af fundi undir 1. tl. og hann síðan borinn upp til samþykktar og hann samhljóða samþykktur. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

e) 46. Fundar Brunavarna Austurlands

Lagt fram til kynningar.

f) 5. fundar stjórnar SSA

Lagt fram til kynningar.

g) 856. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélga

Sveitarstjórn minnir sveitarstjóra á að boða velferðarnefnd til fundar líkt og samþykkt var á fundi sveitarstjórnar þann 14.12. sl. og taka þá jafnframt fyrir viljayfirlýsingu í 17. tl. í fundargerð sambandsins. Samhljóða samþykkt. Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

h) Samstarfsnefndar 06.nóvember 2017 og 29.janúar 2018

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:06.

[Fylgigögn fundar 150218.pdf](#)